

REGLUGERÐ
um (7.) breytingu á reglugerð nr. 441/2006
um söfnun, meðferð, varðveislu og dreifingu blóðs.

1. gr.

Við viðauka IX í fylgiskjali 1, bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:
Framkvæma skal kjarnsýrupróf (e. Nucleic Acid Test) til greiningar á eftirfarandi blóðbornum smitsjúkdómum frá og með 1. júlí 2025:

- lifrarbólgu B (HBV),
- lifrarbólgu C (HCV),
- eyðniveiru 1 og 2 (HIV).

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. tölul. 1. mgr. 109. gr. lyfjalaga nr. 100/2020 og 2. mgr. 7. gr. a. og 38. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007, öðlast þegar gildi. Á sama tíma fellur á brott reglugerð nr. 407/2024 um (6.) breytingu á reglugerð nr. 441/2006 um söfnun, meðferð, varðveislu og dreifingu blóðs.

Heilbrigðisráðuneytinu, 12. september 2024.

Willum Þór Þórsson.

Ásthildur Knútsdóttir.